

Alþingi
b.t. Nefndasviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/673
komudagur 10.12.2009

10. desember 2009
Tilvísun: 2009120019

Umsögn um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þskj. 291, 255. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóstar Nefndasviðs Alþingis þann 7. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn eftirlitsins um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þskj. 291, 255. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við hversu skammur tími var gefinn til þess að koma á framfæri athugasemdum og vill því taka fram að frumvarpið var einungis yfirfarið að takmörkuðu leyti. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að í framtíðinni verði því gefinn hæfilegur tími til þess að gefa umsögn um frumvörp.

Fjármálaeftirlitið hefur eins og fram hefur komið, yfirfarið frumvarpið að takmörkuðu leyti og hefur eftirfarandi athugasemdir:

2. gr. frumvarpsins - Orðskýringar

Í 1. tl. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að innlánsstofnun sé skilgreind sem hlutafélag eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. 1. og 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki og hefur hlotið starfsleyfi hér á landi.

Fjármálaeftirlitið bendir á í þessu sambandi að viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki geta haft starfsheimildir skv. 1. og 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Það eru hins vegar aðeins viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa heimild til þess að taka á móti innlánnum en sú starfsemi er leyfisskyld skv. a. lið 1. tl. 3. gr. laga nr. 161/2002.

Fjármálaeftirlitið leggur því til eftirfarandi breytingu á ákvæðinu í samræmi við inntak skilgreiningarinnar:

1. Innlánsstofnun: Fjármálafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. a. lið 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.

Auk þess leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirfarandi tölulið verði bætt í ákvæði 2. gr.:

3. Lánaþyrirtæki: Fyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi skv. 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002.

Varðandi 3. tl. 2. gr. frumvarpsins leggur Fjármálaeftirlitið til eftirfarandi breytingu:

4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu: Fjármálafyrirtæki sem hefur hlotið starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002.

Fjármálaeftirlitið leggur til breytinguna í ljósi þess að aðeins þeir aðilar sem hafa hlotið starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til þess að stunda verðbréfavíðskipti geta stundað slíka starfsemi. Af þeim sökum er tilvísun til annarra aðila sem nýta sér heimildir til að stunda víðskipti með verðbréfa í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti röng.

14. gr. frumvarpsins - Takmarkanir á tryggingavernd

Fjármálaeftirlitið bendir á tengsl þessa ákvæðis frumvarpsins við ákvæði 2. gr. frumvarpsins hér að ofan. Samkvæmt frumvarpinu er efnislega lagt til að innlánsstofnanir séu skilgreindar sem viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrtaeki (fjárfestingabankar). Af þeim sökum er lagt til í 1. tl. 14. gr. frumvarpsins að innstæður þessara aðila njóti ekki verndar skv. lögnum. Því virðist sem innstæður annarra fjármálaþyrtaekja, svo sem verðbréfaþyrtaekja og verðbréfamiðlana eigi að njóta verndar. Fjármálaeftirlitið bendir hins vegar á, í samræmi við umsögn eftirlitsins hér að ofan, að lánaþyrtaeki hafa ekki heimild til þess að taka á móti innlánnum og geta því ekki talist til innlánsstofnana. Fjármálaeftirlitið skilur frumvarpið sem svo að lánaþyrtaeki skuli ekki njóta verndar skv. lögnum. Fjármálaeftirlitið telur hins vegar rétt að viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrtaeki, verðbréfaþyrtaeki og verðbréfamiðlanir falli undir undanþáguákvæði 14. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 14. gr. frumvarpsins verði eftirfarandi:

Eftirfarandi innstæður njóta ekki verndar samkvæmt lögum þessum:

1. innstæður í eigu innlánsstofnana, lánaþyrtaekja og þyrtaekja í verðbréfaþjónustu.

Fjármálaeftirlitið telur a.m.k að skoða þurfi mjög vel hvaða aðilar eiga að falla undir ákvæði laganna og hvaða aðilar eru undanþegnir vernd skv. lögnum.

Fjármálaeftirlitið bendir einnig á að samkvæmt frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir að innstæður tiltekinna *innlendra* fjármálaþyrtaekja séu undanskildar vernd en ekki innstæður *erlendra* fjármálaþyrtaekja.

17. gr. frumvarpsins - Vernd fjárfesta

Fjármálaeftirlitið leggur til að ákvæði 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins verði fellt út. Fjármálaeftirlitið veitir þyrtaekjum starfsleyfi til þess að stunda verðbréfaþyrtaeki og hefur því upplýsingar um hvaða aðilar það eru sem falla undir að vera þyrtaeki í verðbréfaþjónustu. Af þeim sökum ætti ekki að koma til ágreinings um hvað teljist til þyrtaekis í verðbréfaþjónustu. Eðlilegra væri að Fjármálaeftirlitið staðfesti að tilteknir aðilar hefðu heimild til verðbréfaþyrtaekja samkvæmt lögum nr. 161/2002.

19. gr. frumvarpsins - Vanskil á greiðslu iðgjalds

Fjármálaeftirlitið bendir á að í 9. gr. laga nr. 161/2002 er fjallað um hvaða aðstæður geta leitt til afturköllunar starfsleyfis fjármálaþyrtaekis. Í ákvæðinu er ekki tiltekið að starfsleyfi fjármálaþyrtaekis geti verið afturkallað sé það í vanskilum með iðgjald til sjóðsins. Fjármálaeftirlitið telur því að ekki sé hægt að kveða á um slíka afturköllun á starfsleyfi á þessum grundvelli.

22. gr. frumvarpsins - Undanþágur

Fjármálaeftirlitið bendir á að miðað við ákvæði þessa frumvarps eru það aðeins verðbréf og reiðufé verðbréfaþyrtaekja sem eru undanskilin tryggingavernd skv. lögnum en ekki aðrar tegundir fjármálaþyrtaekja, s.s. viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrtaeki sem hafa heimild til að stunda verðbréfaþyrtaeki. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að samræmis sé gætt varðandi öll fjármálaþyrtaeki.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Helga Rut Eysteinsdóttir